

# STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 1994

---

---

26. janúar 1994

25

Nr. 27

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa.

#### 1. gr.

Frá og með 29. janúar 1994 til og með 15. mars 1994 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í norðanverðum Faxaflóa, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°44,50N – 23°39,00V
2. 64°41,30N – 23°39,00V
3. 64°39,00N – 22°57,00V
4. 64°31,00N – 23°04,00V
5. 64°30,00N – 22°57,00V
6. 64°35,00N – 22°52,00V
7. 64°37,00N – 22°44,00V
8. Þormóðssker
9. 64°27,60N – 22°11,32V

Að norðan og vestan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 29. janúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*